

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 5/2020.

Reykjavík, 12.03.2020

2020030151

Efni: Innköllun á Bónus Ristuðum karamelluhnetum vegna ómerktra ofnæmis- eða ópolsvalda (egg og lúpína).

Aðföng og Nathan & Olsen hf. hafa, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað **Bónus Ristaðar karamelluhnetur** vegna þess að varan getur innihaldið ofnæmis- eða ópolsvaldana egg og lúpínu í snefilmagni en upplýsingar um þetta koma ekki fram á umbúðum.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

| | |
|--------------------------------------|-------------------------------------------------------|
| Vörumerkí: | Bónus |
| Vöruheiti: | Ristaðar karamelluhnetur |
| Nettómagn: | 150 g |
| Strikanúmer: | 5690350053792 |
| Best fyrir dagsetning: | Allar dagsetningar |
| Framleiðandi (pökkunaraðili): | Nathan & Olsen hf., Klettagörðum 19, 104 Reykjavík |
| Dreifing: | Allar verslanir Bónus |

Egg og eggjaafurðir og lúpína og afurðir úr henni eru á lista yfir ofnæmis- eða ópolsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga upplýsingar um ofnæmis- eða ópolsvalda að koma skýrt fram á umbúðum matvæla.

Þeir neytendur sem eiga umrædda vöru og eru með ofnæmi eða óþol fyrir eggjum, eggjaafurðum, lúpínu og afurðum hennar eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila henni í versluninni þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Tekið skal fram að varan er skaðlaus þeim sem ekki hafa ofnæmi eða óþol fyrir eggjum, eggjaafurðum, lúpínu og afurðum hennar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530 5600 eða í gegnum netfangið gaedastjori@adfong.is.



BONUS

**Ristaðar
Karamelluhnetur 150g**

Innihald: JARÐHNETUR, sykur, glúkósasiröp (úr maís),
JARÐHNETUOLIA

Gæti innihaldið snefil af
hnetum, korni (glúten),
og sesamfræjum



5 690350 053792

Best fyrir: 16.08.20



Næringargildi í 100g

| | |
|------------------------|------------------|
| Orka | 2366 kJ/563 kkal |
| Fita | 34,4 g |
| - þar af mettuð | 5,6 g |
| Kolvetni | 41,2 g |
| - þar af sykurtegundir | 35,4 g |
| Trefjar | 4,6 g |
| Prótein | 17,0 g |
| Salt | 0,10 g |

Pökkað af Nathan & Olsen hf., í Reykjavík fyrir Adföng, Skútuvegur 7, 104 Reykjavík.